



## Erindi á ársfundi LSH 24. apríl 2011 – Kynning á ársreikningi

María Heimisdóttir

### Titilglæra – glæra 1

Ráðuneytisstjóri, forstjóri og aðrir ársfundargestir

Vonandi er síðasta ár niðurskurðar á Landspítala í þessari hrinu nú að baki en á árinu 2011 lækkaði sjúkrahúsið rekstrarkostnað sinn um 730 milljónir til að mæta skerðingu framlaga á fjárlögum auk orkuverðshækkana og annarra þátta er áhrif hafa á reksturinn. Það þurfti því enn að draga saman um 2% miðað við fyrra ár. Umfang starfseminnar jókst á árinu 2011 miðað við árið 2010 en engu að síður var sjúkrahúsið rekið innan fjárheimilda og skilaði á árinu 2011 rekstrarafgangi sem nam 4,8 milljónum króna. Þetta er annað árið í röð sem Landspítali skilar jákvæðri niðurstöðu í rekstri en árið 2010 var rekstrarafgangur spítalans 71 milljón króna þrátt fyrir meira en þriggja milljarða króna hagræðingarkröfu á því ári.

Auk rekstrarhagræðingar höfðu tvö önnur atriði meiriháttar áhrif á starfsemi og rekstur Landspítala á árinu 2011. Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda voru heilbrigðisstofnanirnar Landspítali og sjúkrasvið St. Jósefsspítala - Sólvangs í Hafnarfirði sameinaðar 1. febrúar 2011 undir nafni Landspítala. Við það bættist Landspítala góður liðsauki enda ákváðu flestir fyrrum starfsmenn sjúkrasviðs St. Jósefsspítala - Sólvangs að halda áfram störfum á hinni sameinuðu stofnun. Hinn atburðurinn var nýir kjarasamningar fjármálaráðuneytis við fjölmörg stéttarfélag, meðal annars öll þau félag sem starfsmenn Landspítala tilheyra. Hækkun launakostnaðar vegna þessara samninga var um 4,9% á Landspítala á árinu 2011 og fékk sjúkrahúsið þennan kostnað að mestu bættan af



fjárveitingarvaldinu eins og aðrar ríkisstofnanir. Vegna þessara launahækkana jókst rekstrarkostnaður spítalans milli ára 2010 og 2011 á verðlagi hvors árs þrátt fyrir niðurskurð á fjárlögum.

## Glæra 2 - Rekstrarreikningur

	2011	2010	Mism.
<i>Fjárheimildir til rekstrar</i>	38.175	36.537	4,5%
<i>- þar af sértekjur</i>	3.636	3.392	7,2%
<i>Launagjöld</i>	27.061	25.494	6,1%
<i>Rekstrargjöld</i>	9.956	9.804	1,5%
<i>Eign/stofnk/viðhald</i>	1.173	1.188	-1,3%
<i>Fjármagnsliðir</i>	-19	-21	
<i>Gjöld samtals</i>	38.171	36.466	4,7%
<i>Rekstrarniðurstaða</i>	5	71	

Fjárheimildir og sértekjur ársins námu 38,175 milljónum og heildargjöld um 38,171 milljón. Á verðlagi hvors árs hækkuðu heildarrekstrargjöld spítalans um 4,7% milli ára 2010 og 2011 en fjárheimildir hækkuðu um 4,5%. Hækkunina má fyrst og fremst rekja til nýrra kjarasamninga og sameiningar við sjúkrasvið Sankti Jósefsspítala Sólvangs. Sértekjur, það er tekjur sjúkrahússins af seldri þjónustu, jukust um ríflega 7%.

Launagjöld eru stærsti kostnaðarliðurinn, eða rétt um 71% útgjalda. Hlutdeild launa í rekstrarkostnaði spítalans hækkaði um eitt prósentustig milli ára, en hún var 70 % árið 2010. Rekstrargjöld, önnur en laun, eru ríflega 26% af heildargjöldum og eignakaup, viðhald og stofnkostnaður rétt um 3%. Fjármagnstekjur námu 19 milljónum króna. Tekjur umfram gjöld voru 5 milljónir eða um 0,01 % af veltu.



### Glæra 3 - Launagjöld

	2011	2010	Mism.
<i>Launagjöld</i>	27.061	25.495	6,1%
<i>Dagvinnulaun</i>	15.685	14.973	4,8%
<i>Yfirvinna</i>	1.782	1.691	5,4%
<i>Álagsgreiðslur og önnur laun</i>	4.291	3.846	11,6%
<i>Launatengd gjöld</i>	5.303	4.985	6,4%
<i>Fjöldi starfsmanna, meðaltal</i>	4.524	4.509	0,3%
<i>Ársverk (stöðugildi)</i>	3.641	3.648	-0,2%

Launagjöld hækkuðu um 6,1% á milli ára. Eins og áður sagði stafar sú hækkun annars vegar af nýjum kjarasamningum en hins vegar af sameiningu spítalans við sjúkrasvið Sankti-Jósefsspítala Sólvangs.

Dagvinnulaun hækkuðu um 4,8%, yfirvinna hækkaði um 5,4%, álagsgreiðslur og önnur laun um 11,6% . Launatengd gjöld jukust um 6,4%. Starfsmönnum fjölgaði um rúmlega 0,3% en dagvinnustöðugildum fækkaði um 0,2%. Starfsemi Landspítala í Hafnarfirði er meðtalin í þessum samanburði.

### Glæra 4 - rekstrargjöld

	2011	2010	Mism.
<i>Rekstrargjöld</i>	9.956	9.804	1,5%
<i>Lækn.-, hjúkr.- og ranns.vörur</i>	3.626	3.453	5,0%
<i>Lyf</i>	1.332	1.350	-1,4%
<i>Aðkeypt þjónusta og leigugjöld</i>	2.920	2.882	1,3%
<i>Aðrir rekstrarliðir</i>	2.079	2.119	-1,9%

Rekstrargjöld, önnur en laun, hækkuðu um 1,5 %. Kostnaður við innkaup lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara jókst um 5% en lyfjakostnaður



spítalans dróst saman um 1,4%. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld hækkuðu um 1,3% en aðrir rekstrarliðir lækkuðu um 1,9%.

### Glæra 5 – Eignakaup etc

	2011	2010
<i>Tækjakaup, meiriháttar</i>	761	698
<i>Endurnýjun klínískra deilda</i>	209	76
<i>Slysa- og bráðamóttaka</i>	13	186
<i>Dauðheinsun, Tunguhálsi</i>	0	85
<i>BUGL endurbætur</i>	0	61
<i>Gamli Blóðbanki, endurnýjun</i>	0	45
<i>Kleppur, endurinnrétting og öryggisgarður</i>	61	0
<i>Grensás, endurbygging</i>	45	0
<i>Eldvarnir Hringbraut</i>	21	0
<i>Endurnýjun starfsmannaaðstöðu</i>	19	0
<i>Endurnýjun lyftu, aðalbygging</i>	13	0
<i>Apótek, endurbætur</i>	13	0
<i>Annað</i>	17	37
<i>Samtals</i>	1.173	1.188

Á árinu 2011 var heldur lægri fjárhæð varið til eignakaupa, stofnkostnaðar og viðhalds en á árinu 2010 á verðlagi hvors árs, eða 1,173 milljónum króna í stað 1,188. Meiriháttar tækjakaup að andvirði um 760 milljóna króna voru fjármögnuð annars vegar með framlögum úr Ríkissjóði og hins vegar með gjafafé.

Tæplega 210 milljónir fóru til endurnýjunar legudeilda, 13 milljónir til endurbóta á Slysa- og bráðamóttöku og 45 milljónir til endurbygginga á Grensási. Varið var 21 milljón til eldvarna í húsnaði við Hringbraut og um 19 milljónum til endurnýjunar á starfsmannaaðstöðu. Vegna flutnings réttargeðdeildar frá Sogni var ríflega 60 milljónum varið til innréttinga á Kleppi og gerðar öryggisgarðs fyrir sjúklinga deildarinnar.




## Glæra 6 – eignir og skuldir

	2011	2010
<i>Eignir:</i>		
<i>Skammtímakröfur</i>	1.128	1.158
<i>Birgðir</i>	536	528
<i>Skuldir:</i>		
<i>Höfuðstóll</i>	-2.967	-2.890
<i>Viðskiptaskuldir</i>	2.100	1.879

Eins og áður segir voru heilbrigðisstofnanirnar Landspítali og sjúkrasvið St. Jósefsspítala - Sólvangs í Hafnarfirði sameinaðar 1. febrúar 2011 samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Við sameininguna var ójafnað eigið fé St. Jósefsspítala – Sólvangs og annað eigið fé samtals að fjárhæð 79,6 m.kr. fært yfir eigið fé Landspítala. Neikvæður höfuðstóll Landspítala hefur því vaxið sem því nemur eða um 2,2% og er 2.967 milljónir skv. efnahagsreikningi. Skammtímakröfur eru 1.128 milljónir og hafa lækkað um 30 milljónir króna milli ára. Viðskiptaskuldir hafa hækkað úr tæplega 1,880 milljónum í 2,100 milljónir eða um 11%. Birgðir hafa aukist um 8 milljónir króna eða 1,5%.




## Glæra 7 – Uppsöfnuð hagræðing



Þessi mynd sýnir uppsafnaða hagræðingu Landspítala frá árinu 2007 til 2011 að teknu tilliti til gengisáhrifa. Til að gera tölurnar sambærilegar er áhrifum sameiningar Landspítala og sjúkrasviðs Sankti Jósefsspítala – Sólvangs haldið hér utan við. Eins og þið sjáið nemur uppsöfnuð hagræðing í árslok 2011 um 22 %. Þetta þýðir að á fjórum árum höfum við tekið fjórðu til fimmtu hverja krónu út úr rekstrinum. Miðað við fjárlög ársins 2012 mun hagræðing sjúkrahússins að teknu tilliti til gengisáhrifa ná 23% í árslok.


Þessi ótrúlegi árangur hefur náðst með samstilltu átaki starfsmanna sem hafa með stuðningi stjórnenda velt við hverjum steini til að leita leiða til hagræðingar án þess að skerða öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar.

## Glæra 8 – Árangur hagræðingar í rekstrargjöldum



Á þessari glæru sést uppsafnaður árangur hagræðingaraðgerða í rekstrargjöldum öðrum en launum á árunum 2010 og 2011 borinn saman við þau markmið sem sjúkrahúsið setti sér. Eins og sjá má náðist ætluð hagræðing á þessu sviði að fullu á árinu 2010 en það gerði hún ekki á árinu 2011. Þetta stafar annars vegar af því að þegar á árinu 2010, og jafnvel fyrr, hafði þessi kostnaður verið lækkaður mjög og hins vegar af því að starfsemi LSH óx að umfangi á árinu 2011 eftir að hafa nánast staðið í stað frá hrúni. Til dæmis fjölgaði skurðaðgerðum á árinu 2011 um 4,9% og greiningarrannsóknum um sama hlutfall. Þessar breytingar kalla á aukna vörunotkun og því er það ekki að undra að rekstrargjöld hafi vaxið umfram áætlun.


## Glæra 9 – Árangur hagræðingar í launagjöldum



Eins og þessi glæra sýnir náði Landspítali sínum hagræðingarmarkmiðum hvað launakostnað varðar árið 2011 og einnig árið 2010.

Sem betur fer hefur hagræðing í launakostnaði falist fyrst og fremst í breyttu vinnuskipulagi frekar en uppsögnum starfsfólks.

## Glæra 10








Frá árinu 2009 hafa alls 1200 starfsmenn hætt störfum á Landspítala. Stór meirihluti þeirra, eða ríflega 80% hættu störfum annað hvort að eigin frumkvæði eða vegna þess að tímabundin ráðning rann út. 7% hættu störfum vegna heilsufarsástæðna og aðeins rétt um 12%, eða 157 einstaklingar hættu störfum að frumkvæði stofnunarinnar. Það eru að meðaltali um 52 starfsmenn á hverju ári frá 2009 eða um 1,3% af dagvinnustöðugildum hvers árs. Helst vildum við aldrei þurfa að hafa frumkvæði að starfslokum okkar fólks en miðað við þær hagræðingarkröfur sem gerðar hafa verið til sjúkrahússins síðustu ár sýna þessar tölur þá áherslu sem lögð hefur verið á að vernda störfin og atvinnuöryggi starfsfólks.


## Glæra 11



Hér sést þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu (rauða brotalínan) og á landinu í heild (bláa brotalínan) frá árinu 2000. Jafnframt er sýnd fjölgun íbúa 75 ára og eldri, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu (rauða heila

línan) og á landinu í heild (bláa heila línan). Íbúum á landinu í heild hefur fjölgað mjög á þessum tíma, eða um 14,5%. Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað mun hraðar en heildinni, eða um 18,5%. Það er hins vegar fjölgunin í elstu aldurshópunum, þ.e. 75 ára og eldri, sem þarf að gefa sérstakan gaum. Fjölgun í þessum aldurshópi er næstum tvöfalt meiri en meðal þjóðarinnar almennt, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Þessi hópur er einnig sá sem mest þarf á þjónustu okkar að halda. Á árinu 2011 áttu eldri borgarar, þe einstaklingar 70 ára og eldri, um 51% allra legudaga á Landspítala.

### Glæra 12 Spá Hagstofu um öldrun íslensku þjóðarinnar til ársins 2025



Þessi hraða öldrun þjóðarinnar, og aukin eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu sem henni tengist, hefur verið ljós um árabíl af mannfjöldaspám hagstofunnar og hefur áður verið bent á þetta á þessum vettvangi. Spá Hagstofu Íslands um þróun aldursdreifingar þjóðarinnar til ársins 2025 má sjá hér. Súlurnar sýna mannfjölda eftir aldurshópum, þær



bláu sýna fjöldann árið 2011 en þær rauðu mannfjöldann árið 2025. Eins og þið sjáið heldur þróunin sem sést hefur síðustu ár áfram og verður enn meira áberandi, það er, eldri aldurshóparnir stækka mun meira en hinir yngri – enda mun á næstu árum aldurinn færast yfir hina stóru árganga sem fæddust á eftirstríðsárunum. Bláu og rauðu línurnar sýna svo fjölda legudaga eftir aldri annars vegar fyrir árið 2011 (blá lína) og hins vegar fyrir árið 2025 (rauð lína). Það á ekki að koma neinum á óvart að þörf fyrir legu á sjúkrahúsi er langmest meðal eldri aldurshópanna. Við þær húsnæðisaðstæður sem Landspítali býr nú verður erfitt eða ómögulegt að svara sómasamlega þeirri eftirspurn eftir góðri og öruggri þjónustu sem þessir stóru árgangar eldri borgara kalla eftir.

### **Glæra 13 – Nýr spítali**



Það er því gott til þess að vita að nú er í undirbúningi endurnýjun húsnæðis Landspítala með nýbyggingu við Hringbraut þar sem öll bráðastarfsemin verður sameinuð. Fyrir liggur vönduð úttekt erlendra sérfræðinga, Hospitalitet, sem sýnir fram á verulega rekstrarhagræðingu af þessari framkvæmd og er það í takt við fyrri úttektir erlendra aðila. Rekstrarhagræðingin af nýbyggingunni mun standa straum af byggingar- og fjármagnskostnaði. Sameining bráðastarfseminnar, nálægð við sjúkrahótel, bættur aðbúnaður sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks mun



auka öryggi sjúklinga og leiða til styttri legutíma. Nýbyggingin er því veigamikill þáttur í því að tryggja örugga og góða þjónustu í ljósi hraðrar öldrunar þjóðarinnar.

Nýr spítali ætti því ekki síður að vera keppikefli þeirra er láta sig öryggi sjúklinga og hag aldraðra varða en hinna, sem sjá framkvæmdina fyrst og fremst sem leið til að hagræða í rekstri heilbrigðisþjónustu.

**Takk fyrir**